

FMS 2020-15
ISBN 978-9935-9512-2-9
ISSN 2547-8060



FERÐA
MÁLA
STOFA
ICELANDIC
TOURIST
BOARD 

FERÐAMÁLARANNSÓKNIR

TOURISM RESEARCH IN ICELAND

JÚNÍ 2020

Erlendir ferðamenn á Akureyri sumarið 2019

Niðurstöður ferðavenjukönnunar

Pórný Barðadóttir



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

© Ferðamálastofa 2020

Útgefandi: Ferðamálastofa, Geirsgötu 9, 101 Reykjavík / Hafnarstræti 91, 600 Akureyri
Netfang: upplýsingar@ferdamalastofa.is
Veffang: www.ferdamalastofa.is

Titill: Erlendir ferðamenn á Akureyri sumarið 2019 - Niðurstöður ferðavenjukönnunar

Höfundur: Þórný Barðadóttir

Kápa: Porthönnun

Númer: FMS 2020-15

ISBN: 978-9935-9512-2-9

ISSN: 2547-8060

Öll réttindi áskilin. Samantekt þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

FERÐAVENJUKÖNNUN Á AKUREYRI SUMARIÐ 2019

Akureyri er rótgróin miðstöð á mið Norðurlandi þar sem verslun og þjónusta á sér langa sögu. Raunar varð bærinn einn löggiltra verslunarstaða Íslands þegar við upphaf einokunarverslunar Danakonungs árið 1602 (Visit Akureyri, e.d.). Í jafnt almennu tali sem og í markaðsefni hvers konar gengur bærinn undir heitinu „höfuðstaður Norðurlands“ (sjá t.d. Eiríkur Björn Björgvinsson, 2014; Icelandair Hotels, e.d) eða á ensku Capital of the North (sjá t.d. Bain, 2013; Chapman, e.d; Iceland Travel, 2019). Bærinn er mikilvæg þjónustumiðstöð fyrir Norðurland (Sigríður Elín Þórðardóttir, 2018) auk þess sem staðsetning hans í miðju landshlutans og nálægð við margar náttúruperlur hefur um árabíl gert Akureyri að vinsælum áfangastað innlendra jafnt sem erlendra ferðamanna (North Iceland, e.d.). En hvað aðhafast erlendir ferðamenn í viðdvölinni, hversu lengi staldra þeir við, af hverju og hvernig líkar þeim staðurinn? Hér á eftir er gerð grein fyrir niðurstöðum ferðavenju- og útgjaldkönnunar sem framkvæmd var meðal erlendra ferðamanna á Akureyri sumarið 2019.

Uppbygging skýrslunnar er á þann veg að eftir inngangskafli verður gerð grein fyrir aðferðafræði könnunar og úrvinnslu gagna. Því næst verða niðurstöður kynntar. Niðurstöður eru settar þannig fram að fyrst eru sýnd svör um bakgrunn svarenda, þá niðurstöður er varða ferðalagið því næst um ákvarðanir og upplýsingaleit. Næstar eru niðurstöður er varða gistingu og afþreyingu í heimsókn áður en komið er að útgjöldum. Loks eru sýndar niðurstöður sem varða ánægjustig og líkindi meðmæla með staðnum auk greiningar á opnum ummælum ferðamanna um heimsókn þeirra til Akureyrar.

Að loknum niðurstöðukafli er samantekt á niðurstöðum könnunar á Akureyri og og umræður um þær. Þá er komið að stuttri samantekt þar sem bornar eru saman helstu niðurstöður könnunarinnar á þeim fjórum stöðum sem voru til rannsóknar sumarið 2019. Að síðustu eru stutt lokaorð. Í viðauka eru birtar krosstöflur sem sýna svör könnunarinnar á Akureyri út frá bakgrunnsbreytum og marktekt eftir því sem við á.

Ingvári Þorsteinssyni hjá MMR er þakkað gott samstarf við uppsetningu og forritun spurningalista auk frumúrvinnslu gagna. Helga Einarsdóttir, sérfræðingur hjá RHA fær þakki fyrir villuprófun og hreinsun gagna auk umsjónar með skilum þeirra til Mælaborðs ferðþjónustunnar. Starfsfólk Akureyrarstofu fær þakki fyrir greinargóðar upplýsingar um eðli ferðþjónustu á Akureyri og framboð afþreyingar og gistimáta. Síðast en ekki síst fá góðar þakki aðstoðarspyrlar á Akureyri, þau Andrii, Aðalheiður, Kata og Hafsteinn. Sérstakar þakki fá Lilja B. Rögnvaldsdóttir og Valeriya – Lera - Posmitnaya. Lilja fyrir umsjón og framkvæmd greiningar á útgjöldum og ýmsum opnum spurningum auk ómetanlegrar aðstoðar við fjölmarga þætti könnunar, úrvinnslu og skýrslugerðar. Lera fyrir að stýra og framkvæma gagnaöflun á öllum könnunarstöðum sumarsins 2019 af sinni einstöku elju, samvirkusemi og dugnaði.



Mynd 1. Könnun útskýrð. Spyrrill RMF aðstoðar erlendan ferðamann á Akureyri sumarið 2017
© Valeriya Posmitnaya

Efnisyfirlit

Ferðavenjukönnun á Akureyri sumarið 2019	3
Myndaskrá.....	4
Inngangur	5
Aðferð.....	6
Niðurstöður	7
Kyn.....	7
Aldur	7
Búsetuland.....	8
Ferðamáti	9
Ferðafélagar.....	9
Tilgangur ferðalags	10
Tímasetning ákvörðunar um heimsókn	10
Helsta ástæða heimsóknar	11
Upplýsingaleit.....	12
Dvalarlengd.....	12
Gisting.....	13
Ástæða þess að ekki var gist á Akureyri	13
Gistimáti	14
Gisting fyrir og eftir heimsókn	15
Afpreying	16
Útgjöld	17
Hápunktur heimsóknar.....	18
Meðmælaskor.....	19
Ánægja.....	20
Opnar athugasemdir.....	20
Umræður	21
Samanburður á rannsóknarsvæðum	23
Lokaorð.....	24
Heimildir	25
Viðaukar	27

MYNDASKRÁ

Mynd 1. Könnun útskýrð. Spyrill RMF aðstoðar erlendan ferðamann á Akureyri sumarið 2017.....	3
Mynd 2. Staðsetning ferðavenjukannana 2013-2019 og ártöl fyrirklagna. Grænir kassar sýna rannsóknarsvæði sumarsins 2019.....	5
Mynd 3. Kynjahlutfall erlendra ferðamanna á Akureyri 2019.....	7
Mynd 4. Aldur erlendra ferðamanna á Akureyri 2019	7
Mynd 5. Búsetuland ferðamanna á Akureyri sumarið 2019 samanborið við könnun 2017 og tölur á landsvísu	8
Mynd 6. Ferðamáti erlendra ferðamanna á Akureyri sumarið 2019 samanborið við könnun 2017	9
Mynd 7. Ferðafélagar erlendra ferðamanna á Akureyri 2019 samanborið við könnun 2017	9
Mynd 8. Tilgangur ferðalags erlendra ferðamanna til Akureyrar sumarið 2019, samanborið við 2017 og á landsvísu.....	10
Mynd 9. Tímasetning ákvörðunar erlendra ferðamanna um heimsókn til Akureyrar 2019, samanborið við 2017.....	10
Mynd 10. Helsta ástæða heimsóknar erlendra ferðamanna til Akureyrar 2019 - orðaský	11
Mynd 11. Helsta ástæða heimsóknar erlendra ferðamanna til Akureyrar 2019, samanborið við 2017	11
Mynd 12. Upplýsingaleit erlendra ferðamanna um Akureyri 2019, samanborið við 2017	12
Mynd 13. Dvalarlengd erlendra ferðamanna á Akureyri 2019, samanborið við 2017	12
Mynd 14. Gistihlutfall erlendra ferðamanna á Akureyri, 2019 og 2017.....	13
Mynd 15. Helsta ástæða þess að erlendir ferðamenn gistu ekki á Akureyri, 2019	13
Mynd 16. Gistimáti erlendra ferðamanna á Akureyri 2019, samanborið við 2017 og á landsvísu	14
Mynd 17. Gisting erlendra ferðamanna næturnar fyrir og eftir heimsókn til Akureyrar 2019	15
Mynd 18. Afpreyging erlendra ferðamanna á Akureyri, samanborið við 2017.....	16
Mynd 19. Sólarhringsútgjöld erlendra ferðamanna á Akureyri 2019, samanborið við 2017	17
Mynd 20. Hápunktur heimsóknar erlendra ferðamanna til Akureyrar 2019 - orðaský.....	18
Mynd 21. Hápunktur heimsóknar erlendra ferðamanna til Akureyrar 2019	18
Mynd 22. Meðmælaskor erlendra ferðamanna á Akureyri 2019.....	19
Mynd 23. Helsta ástæða þess að erlendir ferðamenn á Akureyri geta mælt með staðnum	19
Mynd 24. Ábendingar erlendra ferðamanna á Akureyri 2019 um það sem þarf að bæta til þess að mælt verði með staðnum.....	19
Mynd 25. Ánægja erlendra ferðamanna á Akureyri 2019, samanborið við 2017	20
Mynd 26. Opnar athugasemdir erlendra ferðamanna um heimsókn til Akureyrar 2019	20
Mynd 27. Nokkur ummæli erlendra ferðamanna um heimsókn til Akureyrar sumarið 2019.....	21

INNGANGUR

Ferðaþjónusta heimsins þarf að takast á við mikið uppbyggingarstarf í kjölfar Covid-19 heimsfaraldursins. Ferðamálaráð Sameinuðu þjóðanna (WTO) kallar eftir nýrri hugsun þar sem þanþol jafnt áfangastaða sem gesta verði leiðarljós við endurskipulagningu ferðaþjónustunnar. Ennfremur leggur ráðið áherslu á að viðtæk samvinna, þekking og áreiðanleg gögn verði lögð til grundvallar við uppbyggingarstarfið (SP-WTO, e.d.). Svæðisbundnar kannanir um ferðavenjur erlendra ferðamanna hér á landi eru gott dæmi um áreiðanlega upplýsingaöflun af því tagi sem WTO kallar eftir.

Samantekt þessi sýnir niðurstöður ferðavenju- og útgjaldakönnunar sem framkvæmd var meðal erlendra ferðamanna á Akureyri sumarið 2019. Ferðavenjukönnunin er hluti af umfangsmiklu verkefni sem tilheyrir reglulegri gagnasöfnun hins opinbera á ýmsum þáttum ferðaþjónustu og ferðamennsku á Íslandi. Könnunin var unnin af Rannsóknamiðstöð ferðamála fyrir Ferðamálastofu.

Staðbundin ferðavenjukönnun var framkvæmd í Þingeyjarsýslum árið 2013 (Lilja B. Rögnvaldsdóttir, 2014) og frá árinu 2015 hefur könnun verið lögð fyrir erlenda sumarferðamenn á alls 14 stöðum víðsvegar um land (sjá m.a. Lilja B. Rögnvaldsdóttir 2016a; 2016b; 2018a; 2018b; 2018c). Mynd 2 sýnir þessa staði og í sviga má sjá ártal könnunar á hverjum stað. Í upphafi var verkefnið unnið samhliða umfangsmikilli rannsókn sem fjallaði um útfærslu íslenskra ferðaþjónustureikninga og aðlögun þeirra að alþjóðlegum stöðlum um hliðarreikninga ferðaþjónustunnar (e. *tourism satellite account*) (sjá Cristi Frenç 2013; 2014a; 2014b).

Megintilgangur verkefnisins hefur frá upphafi verið öflun svæðisbundinna gagna um ferðavenjur og neyslu erlendra ferðamanna, enda hafa niðurstöður sýnt að ýmsir þættir eru breytilegir eftir áfangastöðum. Það á meðal annars við um ákvörðun um viðkomu, dvalarlengd og útgjaldamynstur. Á flestum rannsóknarstöðunum hafa kannanirnar verið gerðar oft en einu sinni og þar með hefur orðið til tímalína gagna sem getur fangað breytta ferðahegðun, neyslu og ánægjustig ferðamanna á viðkomandi stöðum.

Niðurstöður svæðisbundinna ferðavenju- og útgjaldakannana eru því mikilvægt innlegg við ákvarðanatökur stjórnvalda, auk þess að veita atvinnugreininni og viðkomandi áfangastöðum mikilvægar upplýsingar til eigin aðgerða, ákvarðana og markaðssetningar.

Sumarið 2019 var ferðavenjukönnun framkvæmd á fjórum stöðum, Borgarnesi, Akureyri, Mývatnssveit og á Höfn í Hornafirði. Staðirnir eru einkenndir með grænum lit á mynd 2. Á öllum stöðunum hefur könnunin verið framkvæmd áður.



Mynd 2. Staðsetning ferðavenjukannana 2013-2019 og ártöl fyrirhagna. Grænir kassar sýna rannsóknarsvæði sumarsins 2019

AÐFERÐ

Framkvæmd könnunarinnar var á þann veg að spyrjar komu sér fyrir á fyrirfram afmörkuðum könnunarstöðum og báðu ferðamenn sem um fóru að svara könnuninni. Ferðamenn fengu þá í hendur nettengdar spjaldtölvur sem voru forritaðar spurningalistanum á fjórum tungumálum, ensku, þýsku, frönsku og spænsku. Flestar spurninganna voru lokaðar þar sem svarendur merktu við þann svarmöguleika sem best átti við. Sumar spurninganna gáfu einungis kost á einu svari, til að mynda spurningar um ferðamáta og gistingu, meðan í öðrum var óskað svara við öllum þeim valkostum sem við áttu. Dæmi um það eru spurningar um val á afþreyingu og upplýsingaleit um Akureyri. Spurningar um ástæðu heimsóknar, hápunkt ferðar og nánari útlistun varðandi meðmæli voru opnar, auk þess sem svarendur voru í nokkrum lokuðum spurningum beðnir um að tilgreina svör með opnum svarmöguleika. Dæmi um það er tilgreining ástæðu ef ekki var gíst á Akureyri.

Til að varast skekkju í niðurstöðum, voru svarmöguleikar afþreyingar valdir í samráði við upplýsingamiðstöðvar á hverjum stað. Til greiningar á útgjaldaspurningu var verðlag á hverjum stað kannað meðal gístistaða, afþreyingarfyrirtækja og annarra þjónustuaðila til að geta betur lagt mat á útlaga (útgjöld sem stungu í stúf) sem skekkt gætu niðurstöður og haft áhrif á áreiðanleika könnunarinnar. Til að tryggja sem bestan samanburð milli ára, var spurningum og svarmöguleikum ekki breytt frá því sem var í könnun 2018.

Í fyrri könnunum var unnið út frá því að ná 500 svörum en gjarnan er miðað við að fari þýði í könnun yfir 1.000.000 náist marktækur fjöldi svara með 384 fjölda úrtaki miðað við 95% öryggismörk (Vaske, 2008). Í könnun 2019 var ákveðið að auka fjölda svara í 700 á hverjum stað til að auka svigrúm til tölfræðilegrar úrvinnslu. Við greiningu gagna og samanburð milli bakgrunnsbreyta var samkvæmt hefðum tölfræði miðað við að hver breyta næði 30 svörum (Kar og Ramalingam, 2013). Við útreikning útgjalda var þó samkvæmt verksamningi miðað við 50 svör í hverjum útgjaldaflokki.

Könnunin stóð yfir frá 15. júlí til 31. ágúst 2019. Við fyrirlögn var dögum skipt upp í þrjú tímabil frá kl. 9 að morgni til 21 að kvöldi og leitast við að verja jöfnum tíma í gagnaöflun innan þessara tímabila. Eins var lögð áhersla á að dreifa fyrirlögn sem jafnast yfir vikuna sem og á milli svæða innan bæjarins. Á Akureyri var könnunin framkvæmd við Upplýsingamiðstöð í Menningarhúsinu Hofi; í Lystigarðinum, á göngustíg neðan Samkomuhúss og við nýja yfirbyggða göngubru og loks í miðbæ, það er í göngugötu frá Kaupvangsstræti að Ráðhústorgi. Alls voru 835 erlendir ferðamenn beðnir um að svara könnuninni. Af þeim samþykktu 665 þátttöku eða 80%. Unnið var með 658 gild svör. Um var að ræða úrtakskönnun og eru niðurstöðurnar því upplýsingar sem veitt geta innsýn og vísbendingar þó forðast beri að nota þær til alhæfinga.

Í spurningakönnuninni er meðal annars spurt um búsetuland ferðamanna. Til einföldunar á texta er þó talað um þjóðerni svarenda, þ.e. Breta, Þjóðverja o.s.frv. í stað þess að segja ferðamenn frá Bretlandi, Þýskalandi, o.s.frv. Í útgjaldaspurningu var óskað eftir svörum um sólarhringsútgjöld á Akureyri. Spurt var um upphæðir greiddar fyrir kaup á þjónustu, neysluvörum og öðrum vörum til eigin nota eða gjafa. Við framsetningu spurninga og úrvinnslu gagna var stuðst við reglur þjóðhagsreikninga um einkaneyslu. Útgjöld eru reiknuð á alla svarendur útgjaldaspurningar hvort sem peningaleg greiðsla á sér stað um leið eða ekki (SP-DESA 2010a; 2010b). Til gagnavinnslu var notast við Excel töflureikni og tölfræðiforritið SPSS. Við útreikninga á útgjöldum í erlendum gjaldmiðlum voru upphæðir umreiknaðar í íslenskar krónur á miðgengi Seðlabanka Íslands þann 15. júlí 2019. Við samanburð á útgjöldum frá fyrri könnun eru útgjöld sýnd á verðlagi hvors árs. Hreinsuðum gögnum og niðurstöðum útgjaldagreiningar var samkvæmt verksamningi skilað inn til Mælaborðs ferðaþjónustunnar.

Hér á eftir er gerð grein fyrir niðurstöðum ferðavenjukönnunar meðal erlendra ferðamanna á Akureyri sumarið 2019. Niðurstöðurnar eru sýndar í samanburði við niðurstöður fyrri könnunar á Akureyri sem framkvæmd var sumarið 2017 (Lilja B. Rögnvaldsdóttir, 2018a). Þá eru niðurstöður jafnframt bornar saman við samanburðarhæf gögn sem til eru á landsvísu.

NIÐURSTÖÐUR

KYN

Spurning: *Hvert er kyn þitt?*

Fjöldi svara: 651. Heildarfjöldi í könnun 658. Svarhlutfall 99%

Hlutföll kynjanna í könnun voru jöfn, 49,9% konur, 50,1% karlar (mynd 3) (viðauki 1). Í fyrri könnun höfðu nokkuð fleiri konur en karlar svarað könnun á Akureyri en í niðurstöðum á landsvísu höfðu eilítið fleiri karlar en konur svarað könnunum bæði árin (Ferðamálastofa, e.d.-a).


ALDUR

Spurning: *Hvert er fæðingarár þitt?*


Fjöldi svara: 656. Heildarfjöldi í könnun 658. Svarhlutfall 100%

Meðalaldur erlendra ferðamanna á Akureyri var rúm 43 ár. Spurningu um aldur var svarað með fæðingarári og niðurstöðurnar umreiknaðar í aldur og skipt í tíu ára aldursflokka (mynd 4). Flestir féllu í aldursflokkinn 25-34 ára (28%) en næstir og nokkuð jafnir voru tveir næstu aldursflokkar, 35-44 ára (21%) og 45-54 ára (17%). Færri voru í yngsta (7%) og elsta aldurshópnum (10%) (viðauki 2).

Í fyrri könnun á Akureyri höfðu færri verið á aldrinum 25-45 ára en fleiri í tveimur elstu aldursflokkunum. Í báðum könnunum hafa svarendur yngsta aldursflokksins verið umtalsvert færri en á landsvísu. Það skýrist líklega að einhverju leyti af því að könnun á landsvísu nær til 15 ára aldurs en í ferðavenjukönnun er miðað við sjálfræðisaldur á Íslandi eða 18 ár (Ferðamálastofa, e.d.-a).



Mynd 3. Kynjahlutfall erlendra ferðamanna á Akureyri 2019



Mynd 4. Aldur erlendra ferðamanna á Akureyri 2019


BÚSETULAND

Spurning: *Hvert er búsetuland þitt?*

Fjöldi svara: 657. Heildarfjöldi í könnun 658. Svarhlutfall 100%

Þjóðverjar (16%) og Bandaríkjamenn (14%) voru fjölmennastir erlendra ferðamanna á Akureyri sumarið 2019 (viðauki 3). Samanburður við fyrri könnun (mynd 5) sýnir að niðurstöður eru að mestu samhljóða. Helst er að munur sjáist í hækkuðu hlutfalli íbúa annarra landa en þeirra tíu fjölmennustu sem heimóttu Akureyri sumarið 2019.

Samanburður við gögn Ferðamálastofu (e.d.-b) sýnir þó að hlutfall íbúa annarra landa en þeirra tíu fjölmennustu meðal ferðamanna á Akureyri var bæði ár umtalsvert lægra en í komutölum erlendra sumarferðamanna til Íslands. Þá er greinilegt að á Akureyri eru Bandaríkjamenn umtalsvert færri en hlutfall þeirra í heildarfjölda ferðamanna á Íslandi, meðan Þjóðverjar og aðrir Evrópubúar eru hlutfallslega mun fleiri á Akureyri en í heildarfjölda á landsvísu.



Mynd 5. Búsetuland ferðamanna á Akureyri sumarið 2019 samanborið við könnun 2017 og tölur á landsvísu

FERÐAMÁTI

Spurning: *Hvernig ferðaðist þú til Akureyrar?*

Fjöldi svara: 657. Heildarfjöldi í könnun 658. Svarhlutfall 100%

Bílaleigubíll var afgerandi oftast tilgreindur sem ferðamáti erlendra sumarferðamanna á Akureyri. Um 65% höfðu ferðast til bæjarins á þann máta. Hæst var hlutfallið meðal Ítala (86%) og Frakka (83%) en lægst meðal Þjóðverja (51%). Þjóðverjar ferðuðust hins vegar meira en aðrir með hópferðabílum (20%) og skemmtiferðaskipum (19%). Hlutfall þeirra sem ferðuðust á bílaleigubíl var hæst 73% í aldurshópnum 25-34 og 35-44 ára en lækkaði með hækkandi aldri; var 59% í aldurshópnum 55-64 ára og 28% í elsta aldurshópnum, 65 ára og eldri. Elsti aldurshópurinn kaus frekar en aðrir hópar ferðamátanna hópferð (28%) og skemmtiferðaskip (34%) (viðauki 4).

Samanburður við fyrri könnun (mynd 6) sýnir að hlutfall ferðamanna á bílaleigubíl hafði hækkað frá könnun 2017 þegar 58% sögðust ferðast á bílaleigubíl. Hlutfall þeirra sem ferðaðist í hópferðabíl stóð að mestu í stað, var 12% nú í stað 14% í fyrri könnun. Hlutfall farþega skemmtiferðaskipa lækkaði um nær helming, var nú 10% en 18% í fyrri könnun.


FERÐAFÉLAGAR

Spurning: *Með hverjum ferðast þú?*


Fjöldi svara: 653. Heildarfjöldi í könnun 658. Svarhlutfall 99%

Átta af hverjum tíu erlendum ferðamönnum á Akureyri voru á ferð með fjölskyldu og/eða vinum (80%). Næstalgengast var að ferðast væri í hópi (11%) eða að gestir væru einir á ferð (6%). Þar sem svörun er svo afgerandi er lítið hægt að greina niðurstöðurnar nánar (viðauki 5).

Samanburður við fyrri könnun (mynd 7) sýnir að niðurstöðurnar eru næsta samhljóða milli ára og það þrátt fyrir að umtalsvert færri farþegar skemmtiskipa hafi svarað könnun 2019 en 2017. Fjölskylda og vinir voru óháð því helstu ferðafélagar erlendra ferðamanna á Akureyri.



Mynd 6. Ferðamáti erlendra ferðamanna á Akureyri sumarið 2019 samanborið við könnun 2017



Mynd 7. Ferðafélagar erlendra ferðamanna á Akureyri 2019 samanborið við könnun 2017


TILGANGUR FERÐALAGS

Spurning: *Hver er helsti tilgangur heimsóknar þinnar til Akureyrar?*

Fjöldi svara: 657. Heildarfjöldi í könnun 658. Svarhlutfall 100%

Helsti tilgangur nær allra erlendra ferðamanna á Akureyri sumarið 2019 var frí. Þar sem svörun var svo afgerandi er lítið svigrúm til að rýna frekar í niðurstöðurnar (viðauki 6).

Það sama á raunar við um samanburð við fyrri könnun (mynd 8) sem og við niðurstöður á landsvísu (Ferðamálastofa, e.d.-c). Frí var í öllum tilfellum langveigamesta ástæða heimsóknar erlendra ferðamanna jafnt til Akureyrar sem og á landsvísu.



Mynd 8. Tilgangur ferðalags erlendra ferðamanna til Akureyrar sumarið 2019, samanborið við 2017 og á landsvísu


TÍMASETNING ÁKVÖRÐUNAR UM HEIMSÓKN

Spurning: *Hvenær tókst þú ákvörðun um að heimsækja Akureyri?*

Fjöldi svara: 647. Heildarfjöldi í könnun 658. Svarhlutfall 98%

Rúmlega átta af hverjum tíu (82%) höfðu ákveðið að heimsækja Akureyri áður en Íslandsferðin hófst en sjö af hundruði (7%) eftir að til Íslands var komið. Um 11% höfðu tekið skyndiákvörðun eða voru á leið í gegn meðan 4% sögðu staðinn vera helstu ástæðu Íslandsferðar. Hlutfall ákvörðunar um heimsókn fyrir Íslandsferð var hæst í elsta aldurshópnum (89%) en lægst í þeim yngsta (77%) meðan hlutfall skyndiheimsóknar og ferðaleiðar var hæst í yngsta aldurshópnum (17%) en lægst í þeim elsta (5%). Hæst hlutfall ákvörðunar fyrir Íslandsheimsókn var meðal Spánverja (88%) en lægst meðal Frakka (77%) (viðauki 7).

Samanburður við fyrri könnun (mynd 9) leiðir í ljós að hlutfall þeirra sem ákváðu heimsókn áður en lagt var í Íslandsferð hækkaði milli ára meðan mun færri voru á staðnum nú vegna skyndiákvörðunar eða ferðaleiðar.



Mynd 9. Tímasetning ákvörðunar erlendra ferðamanna um heimsókn til Akureyrar 2019, samanborið við 2017

UPPLÝSINGALEIT

Spurning: *Hvað af eftirtöldu nýttir þú til að leita upplýsinga um Akureyri?*
Fjöldi svara: 652. Heildarfjöldi í könnun 658. Svarhlutfall 99%

Flestir höfðu notað vefsíður (56%) og/eða ferðabækur og -bæklinga (38%) til að leita sér upplýsinga um Akureyri. Þriðja algengasta upplýsingaveita erlendra ferðamanna voru ferðaskrifstofur (21%), því næst vinir og ættingjar (14%) og þá samfélagsmiðlar (13%) en mun færri höfðu leitað til upplýsingamiðstöðva eða heimafélks (viðauki 8).

Leit á vef var mest og jöfn í þremur yngstu aldurshópunum (64-65%) en minnst í þeim elsta (33%). Það sama átti við um samfélagsmiðla. Þar var hlutfallið hæst í tveimur yngstu aldurshópunum (21-22%) en mun lægra í tveimur elstu (3%). Mestur breytileiki kom þó fram í upplýsingaleit á ferðaskrifstofum. Þar hafði rúmur helmingur (55%) elsta aldurshópsins leitað sér upplýsinga en einungis 5% næst yngsta aldurshópsins meðan hlutfallið var 17% meðal yngsta aldurshópsins. Spánverjar (61%) og Ítalir (60%) höfðu helst notað vefleit en Þjóðverjar (43%) síst. Leit á samfélagsmiðlum var einnig hæst meðal Ítala (16%) og lægst meðal Þjóðverja (5%) en einnig Spánverja (5%). Frakkar nýttu mest allra ferðabækur og bæklinga (64%) en Bandaríkjamenn síst (31%) og hlutfall þeirra sem leitað höfðu upplýsinga hjá ferðaskrifstofum var hæst meðal Þjóðverja (37%) en lægst meðal Spánverja (12%).


Samanburður við fyrri könnun (mynd 12) sýnir að á heildina eru niðurstöðurnar nokkuð sambærilegar. Þó jókst vefleit nokkuð milli ára sem og leit á samfélagsmiðlum meðan nokkru færri höfðu leitað sér upplýsinga um staðinn í ferðabókum og -bæklingum.

DVALARLENGD


Spurning: *Hversu lengi reiknar þú með að dvelja á Akureyri?*
Fjöldi svara: 630. Heildarfjöldi í könnun 658. Svarhlutfall 96%

Meðaldvöl erlendra ferðamanna á Akureyri voru 24,6 klukkustundir. Flestir dvöldu í 0-6 klukkustundir (31%) og því næst í 12-24 klukkustundir (28%) (viðauki 9).

Samanburður (mynd 13) sýnir að litlu munar milli ára á þeim sem dvelja innan við sex klukkustundir. Hlutfall dvalar í 12-24 tíma, einn til tvo daga og dvöl í fimm daga eða lengur hefur hins vegar aukist meðan hlutfallið lækkar meðal þeirra sem dvelja í 6-12 klukkustundir og þrjá til fjóra daga. Líklegt er að hlutfallslækkun dvalar í 6-12 tíma og eitthvað af hrókeringum innan annarra flokka skýrist að hluta af lækkuðu hlutfalli skemmtiskiparþega í könnun nú. Meðaldvöl erlendra ferðamanna á Akureyri er hins vegar óbreytt milli ára.



Mynd 12. Upplýsingaleit erlendra ferðamanna um Akureyri 2019, samanborið við 2017



Mynd 13. Dvalarlengd erlendra ferðamanna á Akureyri 2019, samanborið við 2017


GISTING

Spurning: *Gistir þú á Akureyri síðustu nótt eða mundu gista þar komandi nótt?*

Fjöldi svara: 638. Heildarfjöldi í könnun: 658. Svarhlutfall: 97%

Vel rúmur helmingur erlendra ferðamanna á Akureyri (60%) gisti í bænum. Gistihlutfallið var hæst meðal Ítala (71%), Frakka (66%) og Bandaríkjamanna (63%). Gistihlutfall fylgdi mjög aldri. Það var hæst meðal yngsta aldurshópsins (65%) en lækkaði jafnt og þétt með hækkandi aldri og var lægst meðal elsta aldurshópsins (45%) (viðauki 10).

Samanburður við fyrri könnun (mynd 14) sýnir að gistihlutfallið hækkar nokkuð milli ára. Líklegt er að sá munur skýrist að stórum hluta af því að mun færri farþegar skemmtiferðaskipa svöruðu könnun 2019 en árið 2017.



Mynd 14. Gistihlutfall erlendra ferðamanna á Akureyri, 2019 og 2017


ÁSTÆÐA ÞESS AÐ EKKI VAR GIST Á AKUREYRI

Spurning: *Er einhver sérstök ástæða fyrir því að þú valdir að gista ekki á Akureyri?*

Fjöldi svara: 62. Fjöldi þeirra sem svaraði spurningu um gistingu neitandi: 255. Svarhlutfall 24%

Ferðamönnum á Akureyri gafst í opinni spurningu tækifæri til þess að segja til um ástæðu þess að ekki var gist á staðnum. Þrátt fyrir að einungis rétt tæpur fjórðungur þeirra sem ekki gistu á staðnum hafi veitt svör, geta þau engu að síður gefið ákveðna vísbendingu. Greining svara (mynd 15) sýnir að flestir sögðu annars vegar að Akureyri væri einungis í ferðaleið þeirra og hins vegar voru svarendur farþegar skemmtiferðaskipa. Því næst var um að ræða fólk sem gisti í nágrenni Akureyrar og sögðu einhverjir það vera vegna viðráðanlegra verðs þó fáir tilgreindu hátt gistiverð á Akureyri sem einu ástæðu þess að ekki var gist.

Aðrar nefndar ástæður voru að ekki hefði fundist gisting eða að gististaðir hefðu verið bókaðir af ferðaskrifstofu. Þá eru ónefndir þeir sem sögðust vera á leið annað en ætluðu að gista á Akureyri í bakaleið.



Mynd 15. Helsta ástæða þess að erlendir ferðamenn gistu ekki á Akureyri, 2019


GISTIMÁTI

Spurning: Hvaða gistimáta nýttir þú /munt þú nýta á Akureyri?

Fjöldi svara: 382. Fjöldi þeirra sem svaraði spurningu um gistingu játandi: 386. Svarhlutfall 98%

Af þeim sem átt höfðu náttstað á Akureyri gisti rétt rúmlega helmingur á hótélum og gistiheimilum (53%). Ekki var munur milli kynja en elsti aldurshópurinn valdi gistingu á hótélum og gistiheimilum (77%) í mun meira mæli en aðrir svarendur. Hlutfall þess gistimáta var lægst í næst yngsta aldurshópnum (31%) en í þeim yngsta var hlutfallið 48%. Hvað varðar búsetulönd þá var hlutfall hótलगistingar hæst meðal Ítala (60%), Þjóðverja (57%) og Frakka (52%) meðan það var nokkru lægra meðal Bandaríkjamanna (42%). Bandaríkjamenn gistu hins vegar hlutfallslega mest allra í einkagistingu, svo sem airbnb (30%), því næst komu Ítalir (25%) en Frakkar hlutfallslega minnst (14%). Hlutfall Þjóðverja var hæst í gistingu á farfuglaheimilum (14%) meðan innan við 2% Bandaríkjamanna hafði valið þann kost. Þá höfðu Frakkar (17%) og Bandaríkjamenn (16%) nýtt tjaldsvæði bæjarins mun fremur en Þjóðverjar (4%) og Ítalir (5%) (viðauki 11).

Hátt hlutfall gistingar á hótélum og gistiheimilum á Akureyri er í góðu samræmi við kannanir á landsvísu (Ferðamálastofa e.d.-d) þar sem í báðum tilfellum varð nokkur aukning frá árinu 2017 (mynd 16). Samræmi milli þróunar á Akureyri og á landsvísu er einnig að sjá í hlutfalli gistingar á tjaldsvæðum sem hefur minnkað nokkuð á milli ára, þá ekki hvað síst gisting í tjaldi. Einkagisting er sömuleiðis vel á pari við það sem sást á landsvísu og sömuleiðis gisting á farfuglaheimilum.



Mynd 16. Gistimáti erlendra ferðamanna á Akureyri 2019, samanborið við 2017 og á landsvísu

GISTING FYRIR OG EFTIR HEIMSÓKN


Spurning: *Hvar gistir þú nóttina áður en þú komst til Akureyrar?*

Fjöldi svara: 630. Heildarfjöldi í könnun 658. Svarhlutfall 96%

Spurning: *Hvar munt þú gista nóttina eftir að þú ferð frá Akureyri?*

Fjöldi svara: 582. Heildarfjöldi í könnun 658. Svarhlutfall 88%

Langflestir gistu á Norðurlandi bæði nóttina áður en þeir komu til Akureyrar (58%) og nóttina eftir brottför þaðan (56%) (mynd 17). Næstflestir gistu á höfuðborgarsvæði næturnar fyrir heimsókn og eftir (14%). Svipað hlutfall gisti á Austurlandi nóttina fyrir heimsókn (13%) en færri nóttina eftir (7%) meðan því var öfugt farið með gistingu á Vesturlandi þar sem lítið eitt færri gistu fyrir heimsókn (8%) en eftir (11%). Þá var hlutfall þeirra sem gistu á Suðurlandi jafnt fyrir og eftir heimsón (3%) meðan nokkuð fleiri reiknuðu með að gista á Vestfjörðum eftir brottför frá Akureyri (7%) en fyrir komu (2%). Sárafáir gistu á Reykjanesi bæði fyrir og eftir heimsókn til Akureyrar (1%) (viðaukar 12 og 13). Niðurstöðurnar benda til þess að nokkuð fleiri hafi fylgt hringveginum rangsælis um landið en réttsælis.




Mynd 17. Gisting erlendra ferðamanna næturnar fyrir og eftir heimsókn til Akureyrar 2019

AFÞREYING

Spurning: *Vinsamlega merktu við allt sem þú áætlar að upplifa í heimsókninni til Akureyrar*
Fjöldi svara: 619. Heildarfjöldi í könnun: 658. Svarhlutfall 94%

Heimsókn á veitingastaði (53%), ljósmyndun (48%) og gönguferðir án leiðsagnar (29%) var það sem erlendir ferðamenn tóku sér helst fyrir hendur í heimsókn sinni til Akureyrar. Margir höfðu einnig farið í sund og náttúruleugar (22%), í hvalaskoðun (18%) og á safn (16%). Afþreyingarkostir voru margir á Akureyri og dreifðist svörun þeirra því mikið (viðauki 14).

Mynd 18 sýnir samanburð við niðurstöður fyrri könnunar (miðað var við afþreyingarkosti sem náðu 5% svörum). Fleiri merktu við flokkinn *Annað* nú (20%) en áður (6%). Þeir sem gáfu þar nánari skýringu nefndu flestir verslun og heimsóknir í Lystigarði, Akureyrarkirkju, Jólagarðinn auk næturlífs, barferða og kaffihúsa.



Mynd 18. Afþreyinga erlendra ferðamanna á Akureyri, samanborið við 2017


ÚTGJÖLD

Spurning um útgjöld er sett fram í nokkrum liðum, þar sem meðal annars er spurt um fjölda ferðafélaga, gjaldmiðil útgjalda og útgjaldaflokka. Fjöldi þeirra sem veitti svör í útgjaldahluta: 427. Heildarfjöldi í könnun: 658. Svarhlutfall 65%

Meðalútgjöld erlendra ferðamanna á Akureyri voru 15.816 kr. á sólarhring sem er eilítil hækkun frá fyrri könnun þegar sólarhringsútgjöld voru 14.448 kr.¹.

Þegar útgjöld eru skoðuð út frá útgjaldaflokkum (mynd 19) má sjá að allir útgjaldaliðir hækkuðu lítillega á milli ára nema afþreying sem lækkaði. Útgjöldin voru hæst í flokki gistingar og hækkunin í þeim útgjaldalið á milli ára skýrist að einhverju leyti af hækkuðu gistihlutfalli á Akureyri (sjá að ofan). Lítil áhugi virtist vera á menningartengdri þjónustu eða viðburðum meðal ferðamanna þar sem einungis 7% þeirra greiddu fyrir slíkt. Alls greiddu 19% fyrir afþreyingu, sem er lækun úr 24% frá fyrri könnun og 60% keyptu veitingar.

Útgjöld Bandaríkjamanna voru nokkuð yfir meðaltali útgjalda á Akureyri líkt og sumarið 2017 eða um 18.300 kr. Þeir greiddu meira en aðrir fyrir veitingar, afþreyingu og verslun en útgjöldin voru jafnari í öðrum flokkum. Frakkar eyddu um 14.100 kr. á sólarhring og Þjóðverjar um 12.700 kr.



Mynd 19. Sólarhringsútgjöld erlendra ferðamanna á Akureyri 2019, samanborið við 2017
Myndin sýnir annars vegar heildarútgjöld og hins vegar hvernig þau skiptast eftir útgjaldaliðum

¹ Útgjöldin reiknast á alla svarendur óháð því hvort þeir greiddu fyrir vörur og þjónustu eða ekki. Þau eru á verðlagi hvers árs og útgjöld í erlendri mynt umreiknuð í íslenskar krónur miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands 15. júlí ár hvert

MEÐMÆLASKOR


Spurning: Á kvarða 0-10, hversu líklegt er að þú mælir með Akureyri sem áfangastað?

Fjöldi svara: 610. Heildarfjöldi í könnun: 658. Svarhlutfall 93%

Árið 2018 hóf Ferðamálastofa að mæla fyrir svokölluðu meðmælaskori (e. *Net Promoter Score* – NPS) meðal erlendra ferðamanna á Íslandi (Ferðamálastofa, e.d.-d). NPS er alþjóðlegur mælikvarði á viðskiptatryggð sem segir meðal annars til um líkindi þess að viðskiptavinir mæli með tiltekinni vöru, þjónustu, fyrirtæki eða áfangastað (Reichheld, 2003). Við mælingu á NPS eru líkindi meðmæla gefin á 10 punkta kvarða. Svör á bilinu 9-10 teljast til meðmæla, 7-8 hlutlaus og 0-6 ekki til meðmæla. Skorid reiknast með því að draga hlutfall þeirra ekki mæla með frá hlutfalli meðmælenda. Það þýðir að NPS skor getur lægst orðið -100 og hæst +100.

Rétt rúm 79% erlendra ferðamanna sögðu líklegt að þeir myndu mæla með Akureyri sem áfangastað en innan við tvö prósent töldu það ólíklegt (viðauki 15). Meðmælaskor ferðamanna á Akureyri mældist því +78³ af -/+100 eða á pari við meðmælaskor fyrir Ísland allt sem einnig var +78 sumarið 2019 (Ferðamálastofa, e.d.-f).

Bandaríkjamenn voru líklegri en aðrir til að mæla með Akureyri sem áfangastað þar sem meðmælaskor þeirra mældist +89 til samanburðar við +80 hjá Þjóðverjum +62 hjá Frökkum.



Mynd 22. Meðmælaskor erlendra ferðamanna á Akureyri 2019



Mynd 23. Helsta ástæða þess að erlendir ferðamenn á Akureyri geta mælt með staðnum

Það sem fékk ferðamenn helst til að mæla með staðnum var feegurð bæjarins og umhverfis hans. Margir nefndu sérstaklega að þeim fyndist bærinn snyrtilegur, miðbærinn væri fallegur sem og náttúran í kring. Aðrir töluðu um að bærinn væri litrikur og menningarlegur og að þeim fyndist frábært að upplifa svolítið borgarlíf eftir langt ferðalag um sveitir landsins. Þá nefndu allnokkrir vingjarnlega heimamenn og ánægjuleg samskipti við þá (mynd 23).

Þar sem meðmælaskor Akureyrar var jafn hátt og raun ber vitni, voru svör um það sem betur mætti fara ekki mörg. Þó má úr þeim lesa að hátt verðlag hafi verið það sem helst kom í veg fyrir meðmæli. Þar á meðal voru ábendingar um að upplýsingar skorti um gjaldfrjáls bílastæði og einnig betri upplýsingar um bæinn og næsta nágrenni hans. Nokkrir nefndu að það væri bæði tímafrekt og kostnaðarsamt að ferðast til Akureyrar. Þá nefndi einn að afþreyingu skorti, annar að staðinn vantaði fleiri bari og veitingahús auk þess sem einn taldi að veðrið þyrfti að vera betra (mynd 24).



Mynd 24. Ábendingar erlendra ferðamanna á Akureyri 2019 um það sem þarf að bæta til þess að mælt verði með staðnum

³ Meðmælaskor var ekki hluti könnunar 2017 og því er ekki til samanburður milli ára


ÁNÆGJA

Spurning: *Hversu ánægð/-ur ertu heilt yfir með heimsókn þína til Akureyrar?*

Fjöldi svara: 636. Heildarfjöldi í könnun 658. Svarhlutfall 97%

Heilt yfir eru flestir mjög ánægðir (64%) og annars ánægðir (35%). Enginn var óánægður og því síður mjög óánægður með heimsókn sína til Akureyrar. Þar sem svörun er jafn afgerandi og raun ber vitni er lítið hægt að greina niðurstöður út frá bakgrunnsbreytum. Helst er að greina megi einhvern mun eftir aldri þar sem elsti og yngsti aldurshópurinn er oftast mjög ánægður (73 og 76%) en ánægður (27 og 24%) meðan jafnasta svörunin var í aldursflokknum 45-54 ára, þar sem minnstu munaði á þeim sem voru mjög ánægðir (53%) og þeim sem voru ánægðir (47%). Varðandi búsetulönd var mestur munur meðal Bandaríkjamanna þar sem mun fleiri voru mjög ánægðir (73%) en ánægðir (27%) meðan minnstur munur var hjá Frökkum sem voru jafn oft mjög ánægðir (49%) og ánægðir (49%). Þeir einu sem sögðust vera hlutlausir voru Frakkar (2%) og Þjóðverjar (3%) (viðauki 16).

Samanburður við fyrri könnun (mynd 25) sýnir að hlutfallslega fleiri voru nú mjög ánægðir og færri hlutlausir. Við útreikning á ánægjustigi eru teknir saman flokkarnir ánægðir og mjög ánægðir (Ferðamálastofa e.d.-f). Með því fæst ánægjustig erlendra ferðamanna á Akureyri upp á 97% eða mjög sambærilegt við ánægjustig fyrri könnunar sem var 98%. Til samanburðar var ánægjustig erlendra ferðamanna á Íslandi 96% sumarið 2019 (Ferðamálastofa, e.d.-f).



Mynd 25. Ánægja erlendra ferðamanna á Akureyri 2019, samanborið við 2017

OPNAR ATHUGASEMDIR


Spurning: *Eru einhverjar viðbótarathugasemdir, spurningar eða ábendingar sem þú vilt koma á framfæri varðandi dvöl þína á Akureyri?*

Fjöldi svara: 95. Fjöldi svarenda: 71. Heildarfjöldi í könnun: 658. Svarhlutfall: 11%

Svarendur viðbótarummæla í lok könnunar á Akureyri voru 71 og nefnd atriði 95. Fallegur og snyrtilegur bær er það sem erlendir ferðamenn höfðu helst að segja í opnum athugasemdum auk ýmissa hrósráða. Af þeim má nefna ummæli um gott skipulag, blómaskrúð og trjálunda, hjartalaga umferðarljósinn vöktu lukku, byggingar þóttu fallegar og vel við haldið og hafnarsvæðið til mikillar fyrirmyndar. Þá væri maturinn góður og ánægjulegt að komast í gjaldfrjálstan strætó og að leggja í gjaldfrjálsta bílastæði. Þess utan fengu heimamenn sinn skerf af hrósi, þóttu vinalegir, hjálpsamir og þolinmóðir.

